Byggingarlýsing:

Umhleðslu- og úrvinnslusvæði I:
Húsið er stálgrindarhús á steyptum grunni og steypt botnplata,
með stálbitum milli burðarramma.
þak og veggir eru klæddir með stálklæðningu að utan og innan.
Veggur milli umhleðslu- og úrvinnslusvæðis er einangraður með 100m þéttull.
Húsið er annars einangrað með 100mm glerullareinangrun í veggjum
og 150mm í þaki. Ullin liggur þétt að vtri stálklæðningunni
(án vindvarnar) en er rakavarin við innra yfirborð.

Veggurinn á milli umhleðslu- og úrvinnlsusvæða frá neðra gólfi
og upp í efsta þak (þak umhleðslusvæðis) er byggður upp
sérstaklega þannig að hann uppfylli "R"EI60.
Stálsúlur veggjarins eru varðar með tvöfaldir gipsklæðningu frá úrvinnslusvæði
en ganga út úr veggnum inn í umhleðslusvæði og eru óvarðar þar enda er
brunaálag umtalsvert minna á úrvinnslusvæðinu og lofthæð hærri
og því ekki hætta á að hiti stálsins fari yfir 450°C innan 60min.
Allar hurðir á veggnum uppfylla kröfurnar EI-C60.
Gat á veggnum fyrir færiband sem er staðsett á úrvinnslusvæðinu
uppfyllir ekki kröfur um brunavamir.
Stimpill fyrir þressu er staðsettur úrvinnslusvæðsimegin við vegginn
en afmarkaður frá úrvinnslusvæðinu með þaki og veggjum sem uppfylla REI60.

Úrvinnslusvæði II (nýbygging)
Úrvinnslusvæði II er stækkun á úrvinnsluhúsi um 1200m². Þetta er viðbygging á
steyptum grunni, veggir steyptir að hluta (3mm hálir) en megin burðarvirki veggja
og þaks er stálgrind. Veggir eru einangraðri með 100mm steinull og klæddir með
stálklæðningu að utan og innan. Þakið er einangrað með 150mm steinull sem
liggur á rakavörn og berandi stálklæðningu og ofan á steinullina kemur dúkur sem
er festur við stálklæðninguna í gegnum einangrunina með til þess gerðum
skrúfum. Úrvinnslusvæði I og II eru tengd með tveimur opum sem eru 6m há og
6m og 5,1m breið.

Vélahús:
Austan við aðal húsið er stálklædd óeinangruð viðbygging
(vélasvæði) á steyptum sökklum með steyptri plötu og
burðarbitum úr stáli, sperrur og legtur úr timbri.
Veggur á milli aðal-byggingar og viðbyggingar er byggður
upp sérstaklega þannig að hann uppfylli REI60.

Skýli:
Austan við aðal húsið er stálklædd óeinangruð viðbygging
(skýli) á steyptum sökklum með malbikuðum botni og
burðarbitum úr stáli, sperrur og legtur úr timbri.
Veggur á milli skýlis og umhleðslusvæðis er einangraður með
glerull og stálklæddur beggja vegna.

Öll rými eru loftræst með opnanlegum fögum.
Gólfgeislahiti er í gólfi aðalbyggingar.

Gólfniðurföll á umhleðslusvæði og úrvinnslusvæði eru án vatnsláss en
tengd gildu utan hússins og þaðan í frárennslislögn.
Niðurföll eru við handlaugar.

Núverandi fitugildra verður færð úr hústæði nýbyggingar (úrvinnslusvæðis II)
og tengd upp á nýtt.

Stálstigi er milli hæða.

Verði settur fastur krani inn í húsið skal leita samþykkis
Vinnueftirlits ríkisins fyrir honum.

Notkunarlýsing
Húsinu er skipt í fjögur svæði umhleðslusvæði,
úrvinnslusvæði, vélasvæði og skýli.

Á umhleðslusvæði er komið með framleiðsluúrgang inn
á efri pall í gámum eða í lausu.
Almennt sorp sem berst fer í böggun og
síðan strax út í gám í gegnum skýlið.

Annar úrgangur er flokkaður á efri palli og fluttur á útisvæði eða yfir í úrvinnsluhús.

Á úrvinnslusvæðinu er pappír, pappi og e.tv. plast flokkað í
mismunandi flokka sem er síðan baggað og sett í gáma.

Heildarfjöldi starfsmanna er 10 og er aðstaða fyrir þá í
sérstöku starfsmannahúsi á lóð.

Eftirfarandi vinnureglur gilda um meðferð úrgangs sem um bygginguna fer:
Allur úrgangur sem kemur inn í bygginguna fer beint í baggapressu eða er flokkaður í gáma,
eða hauga sem eru afmarkaðir með steinblokkum, jafnóðum.
Gámar sem eru fullir af úrgangi eru fluttir úr byggingunni jafnóðum.
Fyrir utan vinnutíma er allur úrgangur geymdur í gámum eða haugum sem eru afmarkaðir
með steinblokkum. Gámar skulu vera lokaðir ef þeir geyma efni sem geta valdið
sjálfsíkveikju.
Ekki má láta safnast fyrir meira en þriggja daga birgðir af óflokkuðum úrgangi inní í húsinu ef
vinnsla stöðvast eða af öðrum orsökum.
Yfirborð óvarinna pappírshauga eða annars flokkaðs úrgangs má ekki fara yfir 140m2.
Flokkaður úrgangur, t.d. pappírshaugar, á að vera aðskilinn með skilveggjum sem gerðir eru
úr steinblokkum sem hlaðið er upp milli hauga. Skilveggirnir eiga að ná um 1m. upp fyrir
haugana.

Byggingarlýsing á tækjaskýli Tals

Tækjaskýli Tals er 2,4x3,75m að utanmáli.
Burðarvirki er út timbri og stáli.
Stálbitar eru undir því og stálsúlur í hornum.
Stálvirki tengist við steyptar undirstöður.
Gólfásar, trégrind í útveggjum og sperrur eru úr tré.
Klæðning innanhúss er úr krossviði.
Að utan eru veggir og þak klætt með stáli.
Útveggir þak og gólf eru einangruð með
100 mm steinullareinangrun.
Í skýlinu er reykskynjari, vatnsskynjari,
hreyfiskynjari, dyraopnunarskynjari, háhita og
lághitaskynjarar. Boð eru send til stjórnstöðvar Tals
ef skynjarar gefa viðv örun.

Byggingarlýsing á húsi fyrir brennara

Húsið er staðsteypt á steyptum grunni
og með steyptri loftplötu.
Slá skal upp ytra byrði á veggjum sem snúa að eldra húsi
með krossvið sem verður eftir á staðnum.
Húsið er óeinangrað.

Samantekt á brunavörnum hússins

(Samantekt á brunavörnum hússins.)
Brunavarnir skulu vera í samræmi við greinargerð Mannvits verkfræðistofu um brunahönnun hússins, dagsett í apríl. 2008.
Aðkoma slökkviliðs:
Tæki slökkviliðs hafa greiðan aðgang að öllum hliðum hússins. Einnig er gott aðgengi inn í húsið fyrir slökkvilið. Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd.

Brunaþol burðarvirkis:
Meginburðarvirki hússins verður úr stáli þ.e. útveggjasúlur sem halda uppi þakinu og þaksperrur.
Súlur í veggjum umhleðslusvæðis og úrvinnslusvæðis I og þak upp að 7m. hæð og súlur í úrvinnslusvæði II upp í sömu hæð verða varðar með brunavörn R60, en burðarvirki þar fyrir ofan verður ekki brunavarið sérstaklega.
Brunasamstæður og brunahólf:
Húsið verður ein brunasamstæða en skiptist í tvö meginbrunahólf sem eru annarsvegar umhleðslusvæði og skýli samtals 1.335 m2 og hinsvegar úrvinnslusvæði hluti í sem er 893 m2 og úrvinnslusvæði II sem verður 1.200 m2. Brunaveggurinn milli umhleðslusvæðis og úrvinnslusvæðis er EI60 en þó með einu gati fyrir færiband en gert er ráð fyrir því að slökkvilið geti varið þetta gat ef þörf er á.
Hólfun hússins er sýnd á aðaluppdráttum.
Flóttaleiðir:
Út úr öllum rýmum verða a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Fjarlægð í næsta útgang/brunahólf, mælt samkvæmt leiðbeiningum Brunamálastofnunar 158.4. BR1 verður hvergi meiri en 25m. Út úr umhleðslusvæði eru merktar 4 flóttaleiðir. Út úr skýli eru merktar tvær flóttaleiðir. Út úr úrvinnslusvæði I eru merktar 3 flóttaleiðir og út úr úrvinnslusvæði II verða 2 merktar flóttaleiðir.
Klæðningar:
Loft- og veggfletir í öllum rýmum innanhúss og utan verða í flokki 1. Öll gólf eru steypt.
Brunaviðvörunarkerfi:
Í allt húsið verður sett sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Brunamálastofnunar og ÍST EN 54. Nánari grein verður gerð fyrir brunaviðvörunarkerfinu á teikningum hönnuðar þess.
Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður í inntaksklefa. Við stjórnstöð skal setja upp yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal vera þjónustað af aðila viðurkenndum af Brunamálastofnun.

Neyðarlýsing og út- ljós:
Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og út-ljós verða sett í húsið í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Brunamálastofnunar 160.BR3, byggingarreglugerð 441/1998 með síðari breytingum og ISO 16069.
Staðsetning ÚT-ljósa er sýnd á aðalteikningum.
Slökkvitæki og slöngukefli:
Í húsið verða sett slöngukefli eins og aðaluppdráttur sýnir. Handslökkvitæki skulu sett við hvert slöngukefli og á öðrum stöðum í samræmi við leiðbeiningar Brunamálastofnunar og eldvarnaeftirlits.
Reyklosun:
Í þaki yfir öllu húsinu verða reyklúgur í samræmi við aðalteikningar. Reyklosunin er í formi opanlegra glugga í mæni sem tengdir eru við brunaviðvörunarkerfi. Einnig er auðbrennanlegt plast sem opnar við um 200°C í umhleðslusvæði og úrvinnslusvæði I og II. Gert er ráð fyrir að amk. 25m2 opnun sé í hverri byggingu. Nánari grein er gerð fyrir reyklosun í skýrslu Mannvits verkfræðistofu.
Brunaþéttingar:
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa og brunasamstæða verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af Brunamálastofnun.
Viðhald og eftirlit:
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994.

Sambykkt þann
29 APR 2009
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

Brunavarnartákn

- Merktur útgangur
- Flóttaleið
- reyklosun
- Brunaslanga 25metra
- Staðsetning stjórnstöðvar brunaviðvörunarkerfis

Skráningartafla:	Berghella 1				Skrásetjari:	Benedikt Sigurvinsson												
Landnúmer:	179987				Kennitala:	051163-2739												
Matshlutanúmer:	01				Útgáfa: 4.01t		Dags.:	10.4.2008										
Uppskipting og lýsing					Stærðir													
D0 Lokun	D1 Rými hæð-röð	D2 Notkun texti	D3 Hólfu-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Botnflötur m²	D5M Millflötur m²	D6 Svigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³	
		Matshluti			3.574,8	17,8	10,7	0,0	3.592,6	0,0			39.021,5	3.431,2	3.592,6		36.764,509	
		Botn											715,0					
	01	**1. hæð**			3.574,8	17,8	10,7	0,0	3.592,6	0,0			38.306,5	3.431,2	3.592,6			
A	0101	**Umhleðslusvæði**	N	0101	1.032,3	17,8	10,7		1.050,1		6,53	16,18	13.616,2	1.010,1	1.050,1	13,19	13.323,219	
A	0102	**Úrvinnslusvæði I**	N	0101	930,0				930,0		5,20	10,89	7.481,9	908,5	930,0	8,05	7.313,425	
A	0103	**Vélahús**	T	0101	37,5				37,5		3,38	5,20	160,9	32,9	37,5	4,29	141,141	
A	0104	**Skýli**	N	0101	375,0				375,0		5,67	9,41	2.827,5	359,1	375,0	7,54	2.707,614	
A	0105	**Úrvinnslusvæði II**	N	0101	1.200,0				1.200,0		11,70	12,00	14.220,0	1.120,6	1.200,0	11,85	13.279,110	

Athugasemdir

Sameignir sumra

Eignarhald

	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Skiptarúmmál Séreign og sameign m³
	0101	**Umhleðslusvæði**	3.592,6	36.764,509	36.764,509
		Alls	3.592,6	36.764,509	36.764,509

Skráningartafla:	Berghella 31-Tækjaskýli Tals				Skrásetjari:	Pétur Vilberg Guðnason												
Landnúmer:	179987				Kennitala:	051163-2739												
Matshlutanúmer:	02				Útgáfa: 4.01		Dags.:	15.3.2000										
Uppskipting og lýsing					Stærðir													
D0 Lokun	D1 Rými hæð-röð	D2 Notkun texti	D3 Hólfu-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Botnflötur m²	D5M Millflötur m²	D6 Svigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³	
		Matshluti			9,0	0,0	0,0	0,0	9,0	0,0			31,5	7,2	9,0		23,760	
		Botn											1,8					
	01	**1. hæð**			9,0	0,0	0,0	0,0	9,0	0,0			29,7	7,2	9,0			
A	0101	**Tækjaskýli**	T	0101	9,0				9,0		2,70	3,10	29,7	7,2	9,0	3,30	23,760	

Athugasemdir



Brunahólfun

dags.	breyting	nafn
12.01.09	Úrvinnsluhús II Reyndarteikning	ÁS
16.04.09	Úrvinnsluhús II Reyndarteikning Skráningartafla lögð	ÁS

Útg.	Nr.	Breytingar	Hönnuður	Dags

Verkteikning

Berghella 1, Hafnarfirði

Strendingur ehf.
Verkfræðiþjónusta
Fjarðargata 13-15 - 220 Hafnarfjörður
sími 565 5648, fax 565 5641 strendingur@strendingur.is

Umhleðslu- og Úrvinnsluhús
Skýringar og skráningartöflur

Hönnuður: Ásmundur Sigvaldason kt. 240545-4119
Dags: 02.05.2008
Teiknað / Hannað af: JW/ÁS
Samræmingarhönnuður
Mælikvarði
Númer teikninga: 105
Útgáfa

S:\Fyrirtæki\Gamabjónustan\Berghella 1\Berghella 1, teikn af öllum byggingum jún1 2008\Aðalteikningar\Aðalteikning í gildi jan.2009.dwg